



FÉLAG SKÓGARBÆNDA  
Á NORÐURLANDI

## Lög Félags skógarbænda á Norðurlandi

### 1. grein.

Félagið heitir Félag skógarbænda á Norðurlandi. Félagssvæði þess nær yfir Húnavatnssýslur, Skagafjarðarsýslu, Eyjafjarðarsýslu og Þingeyjarsýslur. Heimili og varnarþing er heimili formanns hverju sinni.

### 2. grein.

Rétt til aðildar að félaginu hafa þeir sem stunda skógrækt til einhverra nota, s.s. til viðarframleiðslu, vegna ferðaþjónustu, útivistar eða landgræðslu.

### 3. grein.

Tilgangur félagsins er:

1. Að sameina alla skógarbændur á Norðurlandi í eitt félag.
2. Að bæta aðstöðu til skógræktar sem atvinnugreinar.
3. Að beita sér fyrir aukinni skógrækt og verðmætasköpun í greininni.
4. Að hafa samvinnu við fagaðila um leiðbeiningar á sviði skógræktar, standa fyrir fræðslufundum og leita eftir samvinnu við menntastofnanir um námskeiðahald og gerð fræðsluefnis.
5. Að leita markaða fyrir skógarafurðir.

### 4. grein.

Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum félagsins. Skal hann haldinn fyrir 15. september ár hvert og til hans boðað með minnst 10 daga fyrirvara. Þar skal kjósa stjórn og aðra trúnaðarmenn úr hópi félagsmanna.

Á aðalfundi skal stjórn leggja fram til umræðu og samþykktar:

1. Skýrslu um störf félagsins á sl. ári.
2. Endurskoðaða reikninga fyrir almanaksár.
3. Tillögu um árgjald félagsmanna.

### 5. grein.

Aðalfundur er lögmætur, sé löglega til hans boðað. Stjórn félagsins getur boðað til aukafundar þegar hún telur þess þörf og einnig getur 1/3 félagsmanna óskað fundar. Skal til hans boðað með sama hætti og aðalfundar.



FÉLAG SKÓGARBÆNDA  
Á NORÐURLANDI

## 6. grein.

Stjórn félagsins skipa fimm menn og þrír varamenn. Kjörtímabil stjórnarmanna er þrjú ár, þannig að tvö fyrstu árin skal kjósa um tvo stjórnarmenn, og þriðja árið skal kjósa um einn stjórnarmann. Kjörtímabil varamanna er eitt ár og skal afl atkvæða í kosningum ráða því, hver þeirra er kallaður til stjórnastarfa, ef aðalmaður forfallast

Stjórnin skiptir með sér verkum að loknum aðalfundi.

Tveir skoðunarmenn og varamenn þeirra skulu kosnir árlega.

Stjórn félagsins fer með málefni þess milli aðalfunda. Hún má ekki skuldbinda félagið fjárhagslega umfram það, sem fram kemur í samþykktum aðalfundar.

Stjórnin heldur skrá yfir féлага og skal hún liggja frammi á aðalfundi.

Skuldi félagsmaður árgjald liðins árs, missir hann réttindi sín í félaginu.

Til þess að öðlast þau á ný, skal viðkomandi greiða skuld sína.

## 7. grein.

Lög þessi öðlast gildi með samþykkt stofnfundar félagsins. Tillögur til lagabreytinga skulu berast stjórn félagsins eigi síðar en mánuði fyrir aðalfund og skulu þær sendar út með fundarboði. Til að breyta lögum, þarf samþykki 2/3 hluta greiddra atkvæða á aðalfundi.

*Upphafleg lög voru samþykkt á stofnfundi félagsins í Laugaborg í Eyjafjarðarsveit þann 26. nóvember 1997.*

*Breytingar voru gerðar á 3. gr. á aðalfundi 1998, á 6. gr á aðalfundi 1999 og aftur á 6. gr. á aðalfundi 2011.*

*Ofangreind lög samþykkt á aðalfundi félagsins sem haldinn var á Löngumýri í Skagafirði þann 15.mars 2017*